

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 16 og
184/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

**Björgvin Páli Friðrikssyni og
Þorláki Gesti Hálfðánarsyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Bifreiðar. Umferðarlög. Hættuakstur. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 23. desember 1992 áfrýjað til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1992 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákærvalds gegn ákærðu báðum með ákæru 19. ágúst 1992. Þá hefur hann með stefnu 4. maí 1993 áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1993 í máli á hendur ákærða Þorláki Gesti, er höfðað hafði verið með tveimur ákæru-skjölum, dagsettum 9. mars og 29. mars 1993.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu beggja ákærðu samkvæmt dóminum frá 7. október 1992 og á ákvæðum um skilorðsrof reynslulausnar ákærða Þorláks Gestis á óafplánuðum eftirstöðvum refsivistar, 280 dögum, en jafnframt er krafist heimfærslu brots ákærða Björgvins Páls til 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þyngingar á refsingu beggja. Að því er ákærða Þorlák Gest varðar, er krafist staðfestingar á refsiakvörðun í dómi frá 6. apríl 1993 og ökuleyfissviptingu, en jafnframt þyngingar á samanlagðri refsingu hans í báðum dómum.

Verjandi ákærðu krefst þess í fyrra málinu, að refsing ákærða Björgvins Páls verði milduð og að ákærði Þorlákur Gestur verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins, en í því síðara, að refsing ákærða Þorláks Gestis verði milduð.

Dómur 7. október 1992.

Eins og lýst er í héraðsdómi, breytti ákærði Björgvin Páll framburði sínum fyrir lögreglu og rannsóknarlögreglu, þegar hann kom fyrir dóm, og kvaðst ekki muna eftir atvikum, sem um er fjallað í I. kafla ákæru, sökum ölvunar. Kvað hann skýrslur sínar fyrir lögreglu vera runnar undan rifjum hennar. Hann kvaðst þó ekki neita þeim sökum, sem á sig væru bornar. Í ódagsettu bréfi til Hæstaréttar Íslands eftir uppsögu héraðsdóms lýsti Björgvin Páll því yfir, að hann hefði staðið einn að báðum innbrotunum, og hefði ákærði Þorlákur Gestur hvergi komið þar nærri, heldur sofið áfengissvefni í bifreiðinni, á meðan hann sjálfur braust inn í húsið. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit frá dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars sl., þar sem ákærði Björgvin Páll gaf skýrslu. Kvaðst hann hafa sannfærst um, að hann hefði staðið einn að innbrotinu, og hefði hann fengið það staðfest í samtölum við ákærða Þorlák Gest.

Lögreglumaður hefur borið fyrir dómi, að hann hafi séð tvo menn bera varning út úr húsinu og inn í bifreiðina, sem veitt var eftirför. Voru báðir ákærðu handteknir í bifreiðinni, þegar hún var stöðvuð. Samkvæmt þessu og framburði vitnisins Andreu H. Róbertson fyrir dómi svo og upphaflegum framburði ákærða Björgvins Páls, sem meta verður ásamt síðari skýringum hans, þykir fram komin fullnægjandi sönnun fyrir sakfellingu beggja ákærðu, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þetta atriði.

Í II. kafla ákæru er fjallað um umferðarlagabrot ákærða Björgvins Páls. Er hann m. a. sakaður um að hafa ekið með allt að 90 km hraða miðað við klukkustund, sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglu, aka á móti rauðu ljósi, virða ekki stöðvunarskyldumerki og aka á röngum vegarhelmingi. Urðu ökumenn annarra bifreiða að aka út af vegi til að forðast árekstur við bifreið ákærða. Er þetta heimfært til 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telja verður, að ákærði Björgvin Páll hafi með akstri sínum raskað öryggi bifreiða og umferðaröryggi almennt með svo stórfelldum hætti, að brot hans sé réttilega heimfært til 168. gr. laga nr. 19/1940, sem beitt verður jafnframt þeim ákvæðum umferðarlaga, sem til er vísað í héraðsdómi.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um rof ákærða Þorláks Gests á skilorði reynslulausnar.

II.

Dómur 6. apríl 1993.

Staðfesta ber refsíákvörðun héraðsdóms svo og ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða Þorláks Gests.

III.

Sakaferli ákærðu er lýst í héraðsdómi. Refsingu beggja ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða Björgvins Páls hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi og refsing ákærða Þorláks Gests 20 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Björgvin Páll Friðriksson sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur Hálfðánarson sæti fangelsi í tuttugu mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða Þorláks Gests svo og ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-lögmans, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 7. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-43/1992: Ákærvaldið gegn Þorláki Gesti Hálfðánarsyni og Björgvin Páli Friðriksyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. ágúst 1992, á hendur ákærðu, Björgvin Páli Friðrikssyni, Hásteinsvegi 48, Vestmannaeyjum, fæddum 18. janúar 1965, fæðingarnúmer 312, og Þorláki Gesti Hálfðánarsyni, Írabakka 4, Reykjavík, fæddum 27. apríl 1958, fæðingarnúmer 580, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík árið 1992:

I.

Gegn ákærðu báðum fyrir þjófnað með því að hafa:

1) ákærði Björgvin Páll aðfaranótt föstudagsins 1. maí brotist inn í húsið að Skúlatúni 4, farið þar inn í húsnæði heildverslunar Karls K. Karlssonar og stolið þaðan erlendum gjaldeyri, tveimur áfengisflöskum, ávisanahefti og þremur stimplum með nafni fyrirtækisins, að verðmæti um 95.000 krónur, og inn í húsnæði fyrirtækisins Ístaks og stolið þaðan tékka, að fjárhæð 3.000 krónur, og stimpli með nafni fyrirtækisins,

2) ákærðu báðir aðfaranótt sunnudagsins 3. maí brotist inn í sama hús og þar inn í húsnæði heildverslunar Karls K. Karlssonar og stolið þaðan myndavél af Minolta-gerð, litlu segulbandstæki af Olympus-gerð, tveimur símtækjum og 24 áfengisflöskum auk upptakara og nokkurra penna með Carlsberg-merkjum, samtals að verðmæti um 52.000 krónur.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Gegn ákærða Björgvin Páli fyrir umferðarlagabrot með því að aka bifreiðinni Z-559 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, sem hér segir:

1) aðfaranótt föstudagsins 1. maí úr Breiðholtshverfi um götur í borginni að Skúlatúni 4 og þaðan upp í Breiðholt að nýju,

2) aðfaranótt sunnudagsins 3. maí frá Skúlatúni 4, sinna ekki stöðvunarkerkjum lögreglu, heldur aka á undan henni með allt að 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund á köflum austur Skúlatún og suður Höfðatún, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum í akstursstefnu hans, vestur Laugaveg, suður Rauðarárstíg, vestur Skeggjagötu gegn einstefnu, suður Gunnarsbraut, vestur Flókagötu og norður Snorrabraut, án þess að virða stöðvunarskyldumerki þar á gatnamótunum, austur Skeggjagötu, suður Rauðarárstíg, austur Flókagötu og suður Lönguhlíð án þess að virða stöðvunarskyldumerki þar á gatnamótunum og yfir Miklubraut, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum í akstursstefnu hans, en mikil umferð bifreiða var um gatnamótin, er þetta var, og áfram suður Litluhlíð, austur Bústaðaveg og yfir Háaleitisbraut, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum í akstursstefnu hans, og á röngum vegarhelmingi á mótis við Bústaðakirkju, fram hjá lögreglubifreið, sem lögreglumenn höfðu stöðvað þar á veginum í því skyni að stöðva akstur ákærða, og urðu öku-

menn annarra bifreiða, sem ekið var vestur veginn, að aka út af veginum til að forðast áreksstur við bifreið ákærða, sem ók áfram í austur og út af veginum á móts við Reykjanesbraut, yfir graslendi og göngustíga og um göng undir Reykjanesbraut og þar á grindverk, sem lokaði göngunum, en við það missti ákærði stjórn á bifreiðinni, og lenti hún á hlöðnum steinvegg austan Reykjanesbrautar.

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en liður 2 við 168. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr. 4. gr., 1. og 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. og 2. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr., staflíði a og c, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu vreiði dæmdir til refsingar“.

Málavextir.

1) Aðfaranótt föstudagsins 1. maí sl. var brotist inn í Skúlatún 4 hér í borg, en þar eru skrifstofur fyrirtækjanna Karls K. Karlssonar, Ístaks, Vesturíss og Fossvirkis svo og ræðismanns Belgíu. Úr fyrirtækinu Karli K. Karlssyni, var talið, að stolið hefði verið erlendum gjaldeyri, að verðmæti 250.000 krónur, ýmsum lyfjum og þremur stimplum fyrirtækisins. Úr fyrirtækinu Ístaki, var talið, að stolið hefði verið tékka, að fjárhæð 3.000 krónur. Auk þessa var rótað í hirslum víða í húsinu og dyr brotnar upp og skemmdar.

Laugardagskvöldið næsta voru handtekin í veitingastofunni Pétursklaustri við Laugaveg Andrea Róbertson, kt. 281258-7889, og Finnur Jóhannsson, kt. 310851-7959, þar sem talið var, að þau væru að nota falsaðan tékka. Tékki þessi er á Iðnaðarbankann í Hafnarfirði, út gefinn með nafni Sigrúnar Gunnarsdóttur, stimplaður með stimpli Ístaks hf. og fram-seldur með nafni ákærða Björgvins Páls. Skýrði Andrea frá því í yfirheyrslu daginn eftir og síðar fyrir dómi, að ákærðu hefðu komið í heimsókn til sín á fimmtudaginn, og hefði Björgvin Páll verið með umslag, sem í var ýmislegur erlendur gjaldeyrir og tékkhefti á Iðnaðarbankann. Þá hefði hann verið með stimpla frá Ístaki og Karli Karlssyni lækni. Hefði Björgvin falsað nokkra tékka úr heftinu, þar á meðal þann, sem hún notaði í Pétursklaustri, og látið sig hafa. Ákærðu hefðu rætt um að fara aftur og taka peningaskáp, og skildist henni, að þeir væru að tala um Ístak. Hafi Þorlákur Gestur verið með Lada-bifreið, ljósa að lit, sem bróðir hans, Guðni, átti.

Lögreglan í Reykjavík hóf að svipast um eftir bifreiðinni Z-559 af gerðinni Lada, þar sem talið var, að innbrotsmenn væru á ferð í henni. Sást til hennar, þar sem hún var kyrrstæð við Skúlatún 4 kl. 2.45. Fór Ragnar

Jónsson lögreglumaður þangað á ómerktri bifreið og sá að eigin sögn tvo menn koma út úr húsasundi við Skúlatún 4. Hafi annar verið með tösku, en hinn með poka, sem þeir settu í bifreiðina. Hófst nú eftirför, sem Ragnar kveður hafa verið óslitna og með þátttöku annarra lögreglubifreiða. Barst leikurinn vítt um borgina og endaði við undirgöng hjá gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Voru ákærðu handteknir þar og ákærði Björgvin Páll færður til yfirheyrslu. Samkvæmt skýrslu Adolfs Árnasonar lögreglumanns fundust í bifreiðinni nokkrar áfengis- og gosdrykkjaflöskur, tveir símar, tvö veski með greiðslukortum, 80 þýsk mörk, tékkhefti á Barclays-banka í New York og 30 pennar. Ákærðu voru færðir hvor í sinn fangaklefa, og er þess getið í skýrslunni, að hvorugur þeirra hafi verið með neitt fémætt meðferðis.

Í skýrslu Gylfa Gylfasonar rannsóknarlögreglumanns um leit í bifreiðinni fundust tékkhefti á Iðnaðarbankann í Hafnarfirði, stimplar fyrirtækjanna Karls K. Karlssonar og Ístaks hf., 120 þýsk mörk og ljósmyndavél af gerðinni Minolta. Í málinu er einnig skýrsla sama manns, og kemur þar fram, að fangaverðir þeir, sem tóku við ákærðu í fangageymslu lögreglustöðvarinnar, muna ekki, hvaða muni ákærðu voru með á sér, þegar komið var með þá þangað, en haft er þar eftir Jónasi Hallssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni, að starfsvenja væri, að fangaverðir tækju muni úr fórum fanga og settu í box, sem hefði sama númer og klefi viðkomandi fanga. Þessir munir væru ekki skráðir. Þegar ákærðu voru færðir í fangelsið í Síðumúla kl. 13.30 á sunnudag, var ákærði Björgvin Páll með 2.420 austurríska skildinga, 180 Hong Kong- og Shanghai-dollara og 40 finnsk mörk, en ákærði Þorlákur Gestur með upptakara og penna merкта Carlsberg og lítið segulbandstæki af gerðinni Olympus.

Ákærða Björgvin var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 3.20 þessa nótt, og mældist 1,47‰ af alkóhóli í blóðsýninu.

Ákærði Björgvin játaði við lögreglurannsóknina að hafa brotist ölvaður inn í Skúlatún 4 aðfaranótt föstudagsins 1. maí sl. og stolið þeim verðmætum, sem greinir í ákæru. Þá kvaðst hann með ákærða hafa tveim nóttum síðar brotist inn á sama stað og stolið þeim verðmætum, sem í ákæru greinir. Hefðu þeir verið við drykkju og vakað fyrir þeim að ná í áfengi. Þá viðurkendi ákærði að hafa ekið bifreiðinni Z-559 undir áhrifum áfengis og reynt að komast undan lögreglunni. Hér fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir atvikum vegna ölvunar, og kvað hann skýrslur sínar hjá lögreglu vera runnar undan rifjum lögreglunnar. Hann kvaðst þó ekki neita þeim sökum, sem á sig væru bornar í ákæru. Yfirheyrendur ákærða hjá lögreglu, Grétar Sæmundsson og Þorsteinn Alfredsson, hafa mótmælt þessari viðbáru ákærða og sagt skýrslur ákærða hafa að geyma frásögn hans sjálfs, og hafi hún ekki verið lögð honum í munn.

Ákærði Þorlákur Gestur kveðst ekkert vera viðriðinn innbrotið, og hafi hann verið sofandi í bifreiðinni Z-559. Hafi hann hvorki rætt um það áður við meðákærða né vitað, að það stæði til.

Fyrir dóminn hafa komið lögreglumenn, og hafa þeir borið, að bifreiðinni Z-559 hafi verið ekið með þeim hætti, sem í ákæru greini.

Í sakavottorði ákærða kemur fram, að honum hefur verið refsað í desember 1990 fyrir réttindaleyzi við akstur. Ákærði viðurkennir að hafa aldrei tekið ökuþróf.

Niðurstaða.

Ákærði Björgvin Páll hefur ekki gefið fullnægjandi skýringu á breyttum framburði sínum fyrir dómi. Verður að miða við skýrslur þær, sem hann gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglunni í Reykjavík, bæði um eigin sök í málinu, sem hann reyndar þrætir ekki fyrir, og athafnir meðákærða. Vitnið Andrea Róbertson hefur borið, að ákærðu hafi rætt saman um að fara og sækja peningaskáp, meðan þeir voru hjá henni. Ragnar Jónsson lögreglumaður sá tvo menn bera varning úr Skúlatúni 4 í bifreiðina Z-559. Ákærðu voru báðir handteknir í bifreiðinni eftir óslitna eftirför frá Skúlatúni 4. Að þessu athuguðu eru ákærðu báðir sannir að þeim sökum, sem bornar eru á þá í ákæru. Akstur ákærða Björgvins Páls þykir þó ekki hafa verið með þeim hætti, að 168. gr. almennra hegningarlaga taki til hans, og ber að sýkna ákærða af broti gegn því ákvæði.

Refsing.

Ákærði Björgvin Páll hefur hlotið átján refsidóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur hefur til þessa hlotið tuttugu refsidóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Samkvæmt 42. og 60. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma upp reynslulausn þá, sem hann hlaut í desember sl., af 280 daga refsivist og gera honum refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hrl., 45.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Björgvin Páll Friðriksson sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur Hálfðánarson sæti fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til Hilmars Ingi-mundarsonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 6. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-158/1993: Ákærvaldið gegn Gesti Hálfðánarsyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 9. mars og 29. mars sl., á hendur ákærða, Gesti Hálfðánarsyni, kt. 270458-5809, Skeggjagötu 25, Reykjavík.

Með fyrri ákæru er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa aðfaranótt 26. desember 1992, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Ö-9823 frá Skeggjagötu að Frakkastíg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Með seinni ákærunni er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa fimmtudaginn 25. febrúar 1993, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Ö-9825 (sic) frá Hátúni að Nóatúni í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru. Það athugast, að ákærði ók sömu bifreið í bæði skiptin, Ö-9823.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök og réttilega eru færð til refsíákvæða í ákærum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1977 hlotið samtals níttján dóma, aðallega fyrir skjalfals, þjófnað, fjársvik og umferðarlagabrot, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú fimm árum og tíu mánuðum. Þá hefur ákærði níu sinnum sæst á sektargreiðslur vegna brota á umferðarlögum og fíkniefnalöggjöf. Síðast hlaut ákærði dóm 7. október sl., fimmtán mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og var 280 daga reynslulausn dæmd með. Síðustu dómur, er ákærði hefur hlotið vegna umferðarlagabrota, eru frá 31. 7. 1989, fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 45. gr. og 48. gr. umferðarlaga og frá 24. 7. 1990 þriggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans fangelsi í fimm mánuði.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi ævilangt árið 1980, og hefur sú svipting verið áréttuð nokkrum sinnum síðan, síðast árið 1989. Eftir kröfu ákæruvalds og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er greinir í fyrri ákæru, ber að áréttu ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Gestur Hálfánarson sæti fangelsi fimm mánuði.

Ævilöng ökuleyfissvipting ákærða er áréttuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.
